

REGLUR
**um breytingu á reglum nr. 605/2006 um starfsskyldur
kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Bókstafslíðir b, c og d undir tölulið 3.1 í 3. gr. breytast og orðast svo:

- b. Starfsskyldur lektora og dósenta í hálfu starfi (50%) eða meira skiptast almennt í 50% kennslu, 50% rannsóknir og stjórnun sem skiptist á milli kennslu og rannsókna. Því til viðbótar komi til afsláttur á kennsluskyldu fyrir nánar skilgreind stjórnunarstörf, sbr. 2. mgr. töluliðar 2.3 í 2. gr. þessara reglna.
- c. Starfsskyldur lektora og dósenta sem eru í minna en hálfu starfi (50%) skiptast í 74% kennslu, 26% rannsóknir og stjórnun sem skiptist á milli kennslu og rannsókna. Því til viðbótar komi til afsláttur á kennsluskyldu fyrir nánar skilgreind stjórnunarstörf, sbr. 2. mgr. töluliðar 2.3 í 2. gr. þessara reglna.
- d. Starfsskyldur aðjúnkta í hálfu starfi (50%) eða meira skiptast almennt í 67% kennslu, 33% rannsóknir og stjórnun sem skiptist á milli kennslu og rannsókna. Því til viðbótar komi til afsláttur á kennsluskyldu fyrir nánar skilgreind stjórnunarstörf, sbr. 2. mgr. töluliðar 2.3 í 2. gr. þessara reglna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á I. lið töluliðar 3.2 í 3. gr.:

- a. Töluliður 5 undir lið A fellur brott.

- b. 2. mgr. ásamt tilheyrandi töflum orðast svo:

Hlutfallslega aukin kennsluskylda samkvæmt lið A er eins og fram kemur í töflum A, B og C þegar um fullt starf er að ræða.

Tafla A Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal		Tafla B Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal		Tafla C Rannsóknavirkni, 3 ára meðaltal	
Lektorar og dósentar í fullu starfi		Prófessorar í fullu starfi		Aðjúnktar, fullt starf	
Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	51%	9	49%	6	68%
8	52%	8	50%	5	69%
7	53%	7	51%	4	70%
6	54%	6	52%	3	71%
5	55%	5	53%	2	72%
4	56%	4	54%	1	73%
3	57%	3	55%	0	74%
2	58%	2	56%		
1	59%	1	57%		
0	60%	0	58%		

3. gr.

- 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðast svo:

Til þess að eiga kost á rannsóknamisseri skal meðaltal rannsóknastiga úr völdum flokkum matskerfis opinberra háskóla, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 263/2010 um framgang og ótíma-bundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, nema a.m.k. 10 stigum á ári.

Nr. 224

18. febrúar 2015

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. 2. gr. reglna nr. 189/2013, fellur brott.

5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 18. febrúar 2015.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015